

## Skýrsla æskulýðsnefndar Ljúfs til LH vegna ársins 2016

Nefndarmenn:

Aldís Eyjólfsdóttir

Bryndís Heiða Guðmundsdóttir

Smári Sæmundsson

Snævar Freyr Snævarsson

Í apríl hófst reiðnámskeið í reiðhöll Eldhesta fyrir börn í Ljúf. Kennari var Rosemarie Þorleifsdóttir. Námskeiðinu lauk svo með æskulýðsreiðtúr og pizzaveislu í félagsheimili Ljúfs. Börnin skrifuðu á blað hvað þeim langaði helst til að nefndin mundi skipuleggja fyrir þau og flest völdu þau reiðtúr eða langan reiðtúr svo það er ekki flókið að uppfylla þeirra óskir. Eldhestar styðja æskulýðsstarf Ljúfs með því að lána reiðhöllina til námskeiðahalds án endurgjalds og erum við afskaplega þakklát fyrir það.

Í lok maí bauð Háfeti bæði Sleipni og Ljúf í sameiginlegan æskulýðsreiðtúr félaganna sem var í Þorlákshöfn að þessu sinni en þetta er árviss viðburður og félögin þrjú skiptast á að bjóða heim.

Í júní voru sex hópar á viku löngum reiðnámskeiðum hjá Eldhestum að Völlum. Æskulýðsnefnd Ljúfs sér um þessi námskeið skv. samstarfssamningi við Hveragerðisbæ en þá fá börn frá 6 ára aldri á grunnskólasvæði Hveragerðis, tækifæri til að kynna hestinum en leigðir eru hestar hjá Eldhestum. Menntaður reiðkennari sér um námskeiðin ásamt aðstoðarfólki og að þessu sinni var það Sjöfn Sæmundsdóttir. Námskeiðin voru afar vel heppnuð og sérlega skemmtilegt að sjá öll þessi glaðlegu andlit á hestbaki og svo eru þau svo ótrúlega fljót að ná tókum á því að sitja hest og stjórna þeim sjálf, yngstu börnin sem sum hafa aldrei sest á hest.

Nokkrir sameiginlegir félagsreiðtúrar voru farnir á árinu og hvetjum við sérstaklega fólk til að koma með börnin sín í þá en að þeim loknum er vöfflukaffi í félagsheimilinu.

Með kveðju,

æskulýðsnefnd Ljúfs